



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Leiðbeinandi yfirborðsmerkingar á sameiginlega stíga (US200136).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí sl., var eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Lagt til að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar fari í vinnu við að setja leiðbeinandi yfirborðsmerkingar á sameiginlega stíga sem notaðir eru af gangandi og hjólandi vegfarendum. Síðustu mælingar borgarinnar á umferð hjólandi og gangandi vegfaranda hefur sýnt stórukna umferð á stígum borgarinnar til að mynda í Elliðaárdal, Nauthólsvík og á Ægissíðu. Nokkrir af þessum stígum eða hluti þeirra eru mjóir og hafa skapast mikil vandræði og slyshætta á þeim. Leiðbeinandi yfirborðsmerkingar eru því nauðsynlegar.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar tekur undir sjónarmið um að mikilvægt sé að tryggja öryggi vegfarenda á sameiginlegum göngu- og hjólastígum og að leiðbeinandi yfirborðsmerkingar geti verið hluti af slíkum aðgerðum.

Í seinni tíð hefur verið horfið frá þeirri stefnu að mála leiðbeinandi miðlínur til aðgreiningar mismunandi átta og/eða tegundar umferðar á sameiginlegum stígum, þar sem slíkar merkingar geta verið til þess fallnar að vekja falskt öryggi vegfarenda auk þess að samræmast ekki hinu blandaða eðli stíganna. Merkingarnar hafa ýmist verið fræstar í burtu eða leyft að eyðast með tímanum. Þess í stað verður skoðað að nota yfirborðsmerkingar sem minna á blandað eðli umferðar á stígnum, svo sem með merkingu *C15.11 Gang- og hjólreiðastígur* eða öðrum áletrunum á yfirborð sameiginlegra stíga. Áfram verður lögð áhersla á að aðskilja umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, í samræmi við hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar frá 13. maí sl., þar sem fjallað var um blandaða stíga:

<https://reykjavik.is/frettir/gangandi-vegfarendur-i-forgangi-blondudum-stigum>

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri